

6. Gera skal sérstakan samning við hvern styrkþega þar sem kveðið sé á um styrkskilmála. Í samningnum skal m. a. mælt fyrir um skyldur styrkþega að því er varðar skýrsluskil, bókhald og fjárhagslega skilagrein. Þá skulu og vera ákvæði um birtingu á niðurstöðum eða endurgreiðslu styrks sem hér segir:

Niðurstöður af rannsókn- eða tilraunaverkefni, sem notið hefur styrks úr Rannsóknasjóði, skulu birtar opinberlega í tímaritum eða í skýrslum, sem skulu vera aðgengilegar fyrir almenning á Íslandi. Öllum greinum og skýrslum sem gerðar eru um verkefnið eða einstakar niðurstöður þess skal skila til Rannsóknaráðs ríkisins í 5 eintökum.

Þó skal styrkþega heimilt að óska þess við framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs að niðurstöðum verði haldið leyndum ef hann vill hagnýta sér þær til efnahagslegs ávinnings. Skylt er styrkþega að tilkynna nefndinni þá fyrirætlun sína innan þriggja mánaða frá lokum verkefnisins. Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs er heimilt að framlengja þann frest sé þess sérstaklega óskað.

Sé þess óskað að niðurstöðum verði haldið leyndum vegna áforma um hagnýtingu þeirra, skal í samkomulagi um slíkt gert ráð fyrir endurgreiðslu á raunvirði hins veitta styrks, verðtrygðum með lánskjaravísitölu frá útborgunardögum styrkja til greiðsludags. Í slíkum tilfellum á styrkþegi allan rétt til niðurstaðna af rannsóknum sínum.

Leiði framkvæmd verkefnis ekki til hagnýtingar þegar við lok verkefnisins og til endurgreiðslu styrks, er styrkþega skylt, ef framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins óskar þess, að taka þátt í reglubundnu endurmati á gagnsemi niðurstaðna og hvort af hagnýtingu geti orðið. Rannsóknaráð ber allan kostnað af slíku endurmati. Niðurstaða endurmats getur ekki leitt til kröfu um endurgreiðslu.

Menntamálaráðuneytið, 28. janúar 1986.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.

3. febrúar 1986

Nr. 63

GJALDSKRÁ

Rafveitu Húsavíkur

Raforkuverð — Yfirlit

A — ALMENNIR TAXTAR

A.1	Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:	
	Orkugjald	5,87 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 540,00 kr/ár
A.2	Verð á raforku til heimilisnotkunar	
	Orkugjald	4,78 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 540,00 kr/ár
A.3	Verð á raforku til mannvirkjagerðar	
	Orkugjald	8,61 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 940,00 kr/ár

B 14

B — AFLTAXTAR

- B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar.
- | | |
|-----------------|--------------------|
| Orkugjald | 1,32 kr/kWh |
| Aflgjald | 6 041,00 kr/ár/kWh |
- Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

C — HITUN

- C.1 Verð á raforku til órofinnar hitunar.
- | | |
|------------------|----------------|
| Orkugjald | 3,35 kr/kWh |
| Fast gjald | 2 309,00 kr/ár |
- C.2 Verð á raforku til rofinnar hitunar
- | | |
|------------------|----------------|
| Orkugjald | 1,46 kr/kWh |
| Fast gjald | 1 540,00 kr/ár |
- Roftími allt að tveir tímar tvisvar á sólarhring.

ÖNNUR FASTAGJÖLD

Fast gjald fyrir þriggja fasa notkun á A og C liðum skal vera tvöfalt.
Fast gjald fyrir B lið skal jafngilda einu árskilówatti og bætast við mældan afltopp.

MÆLITÆKI

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja sem notuð eru við sölu rafmagns og eru þau eign rafveitunnar en uppsetning sé á vegum notanda eftir fyrirætlum rafveitunnar.

HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald má innheimta, þegar umsókn er lögð fram. Gjöld fyrir heimtaugar eru eftirfarandi:

Málstr.	Heimt.gjöld:
25A 1 fasa	6 200,00
63A 1 fasa	30 600,00
63A 3 fasa	33 400,00
100A 3 fasa	51 500,00
200A 3 fasa	105 000,00
315A 3 fasa	165 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um staðsetningu stöðvar.

Þegar aðalheimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að fráðregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

ÝMIS ÁKVÆÐI

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta raunafl í ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar skal greiða gjald kr. 690,00.

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða kr. 690,00 gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 25% og verðjöfnunargjald 16% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c-liðum, húshitun.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 113, 27. febrúar 1985.

Lönaðarráðuneytið, 3. febrúar 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.